



NÁMSKEIÐ FYRIR NÝGREINDA

Tími: Haldið eftir þörfum.

Staður: MS-húsið, Sléttuvegi 5, Reykjavík.

Verð: 5.000 kr. Þeir sem eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins geta sótt um ferðastyrk.

Lýsing:

Námskeiðið er fyrir MS-fólk með tiltölulega nýja greiningu (6 mán. til 3 ár) og byggist á fræðslu og umræðum.

Markmiðið með námskeiðinu er að fólk fræðist um MS, kynnist öðrum með sjúkdóminn og fái stuðning. Á dagskrá verða umræður um tilfinningaleg viðbrögð við sjúkdómsgreiningunni og áhrif MS á daglegt líf. Kynntar eru leiðir til að aðlagast betur og efla styrk þátttakenda.

Þátttakendur eru 6-8 og námskeiðið er í 6-7 skipti, 2 klst. vikulega. Hægt er að stofna sjálfshjálparhóp í lok námskeiða.

Umsjón:

Sigríður Anna Einarsdóttir, félagsráðgjafi. Einnig koma að námskeiðinu taugalæknir, sjúkráþjálfari, hjúkrunarfræðingur og aðrir fagaðilar.

Skráning:

Skráning og allar nánari upplýsingar á skrifstofu í síma 568 8620 eða á msfelag@msfelag.is.

Annað:

Möguleiki er á því að halda námskeiðið um helgi fyrir landsbyggðarfólk.